*Alþingi*
*Erindi nr. Þ 131/1238*
*komudagur 11.4. 2005*

HORNAFJÖRÐUR

**Heilbrigðis- og trygginganefnd Alþingis**
**Elin Valdis Þorsteinsdóttir, nefndarritari**
**Austurstræti 8-10**
**150 Reykjavik**

Hornfirði 5. apríl 2005

**Umsögn Félagsmálaráðs Hornafjarðar 5. april 2005 um tillögu til þingsáliktunar um þunglyndi meðal eldri borgara, 71 mál. Félagsmálaráð Hornafjarðar vonast til að það nái fram að ganga.**

**Hér á árum áður var mikið talað um að aldraðir ættu áhyggjulaust líf á efri árum. Í þeirri umræðu var talað um að aldraðir sætu í hinum gullna eðalvagni og í honum ferðast til þess áhyggjulausa æfikvölds sem allir dásömuðu.**

**Aldraðir eru ekki einsleitur hópur heldur hópur þjóðfélagsþegna með ólíkar þarfir og lífssýn. Lengi vel var sú skoðun uppi að aldraðir upplifi ekki, depurð, þunglyndi eða sálfsvígshugsanir. Aðeins væri um að ræða, leiða, sérvisku, ólund og elliglöp.**

**Allt of lengi hafa heilbrigðisyfirvöld skellt skollaeyrum yfir varnaðar orðum starfsfólks á hjúkrunar- og öldrunastofnunum vegna andlegrar vanlíðan vistfólks.**

**Félagsmálaráð Hornafjarðar styður tillögu til þingsályktunar um rannsóknir á þunglyndi meðal eldri borgara.**

**Virðingarfyllst,**
**f.h. Félagsmálaráðs Hornafjarðar**

**Birgir Þ. Kjartansson,**
**félagsmálastjóri**